

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 42

Dags. 14.3.2013

Skipulags- og umhverfisnefnd - 14.02.2013

42. fundur.

14. mars 2013 kl 10:00 -11:30

Fundarstaður: Kjarni

Fundarmenn:

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, form.

Árni Pétur Hilmarsson

Guðrún Tryggvadóttir

Þórunn Jónsdóttir

Starfsmenn:

Bjarni Reykjálín, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

1. Rauðaskriða I-III. Breyting á deiliskipulagi S20120201

Erindi dags 8. mars 2013 frá Harald R. Jóhannessyni, f.h. Rauðuskriðu ehf. kt. 680602-3440 þar sem sótt er um að gerðar verði breytingar á gildandi deiliskipulagi Rauðuskriðu I-III þar sem gerð er tillaga að nýjum byggingarreit v2 vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar við borðsal til vesturs á núverandi íbúðar- og gistihúsi. Stærð fyrirhugaðrar viðbyggingar er 41,1 m² og 117,5 m³. Gildandi deiliskipulag gerir einungis ráð fyrir byggingarreit v vegna mögulegrar viðbyggingar til suðurs. Meðfylgjandi er tillöguuppdráttur að breyttu deiliskipulagi frá Búgarði (GHG) dags 7. mars 2013.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillaga að breytingu á deiliskipulagi verði grenndarkynnt sem óveruleg breyting skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að annast málsmeðferð grenndarkynningarinnar skv. 2. mgr. 44. gr. fyrrgreindra laga. Skipulags- og byggingarfulltrúi mun fjalla um byggingarleyfisumsóknina að grenndarkynningu lokinni.

2. Skógar. Stofnun fasteignar/spildu. S20130202

Erindi dags 18. febrúar 2013 frá Snjólaugu Árnadóttur, f.h. Vegagerðarinnar, þar sem sótt er um að stofnuð verði sérstök spilda úr landi Skóga í Fnjóskadal vegna lagningar Hringvegur, Illugastaðavegar og Vaðlaheiðarvegur í landi Skóga (landnr. 153331). Fylgigögn með umsókn eru hnitsettur lóðaruppdráttur, útfylltu eyðublað nr. F-550 frá Þjóðskrá, samþykki landeigenda og samningur milli Vegagerðarinnar og Skógarlands ehf.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindi Vegagerðarinnar verði samþykkt og skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að annast stofnun spildunnar (fasteignarinnar).

3. Árbót Aðaldal. Deiliskipulag frístundabyggðar. S20121202

Erindi dags 11. mars 2013 frá Vigfúsi Sigurðssyni f.h. Árbótarbús ehf., eiganda Árbótar í Aðaldal þar sem þess er farið á leit við Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar að tekin verði til umfjöllunar deiliskipulagstillaga af Árbót, frístundabyggð á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagstillagan er í formi skipulagskorts og greinargerðar í sérstöku hefti sem eru fylgigögn með erindinu.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að tillagan forsendur hennar og umhverfismat verði kynnt fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum áður en hún verður tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn eins og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um. Nefndin felur skipulags- og byggingarfulltrúa að annast kynninguna í samráði við landeiganda.

4. Upprekstrarland milli Höfðagilja. Umsókn um stofnun þjóðlendu.

S20130203

Erindi dags. 26. febrúar 2013 frá Forsætisráðuneytinu um stofnun þjóðlendu sbr. 14. gr. laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 með síðari breytingum.

Fylgigögn með umsókn eru útdráttur úr úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 5/2007 dags 6. júní 2008 og landspildubréf.

Upprekstrarland milli Höfðagilja er þjóðlenda og í afréttareign eigenda jarðarinnar Laufáss og er innan eftirfarandi marka:

Ytri-Höfðagilsá er fylgt þaðan sem hún fellur í Dalsá og þangað til gilið klofnar. Þaðan er tekin bein stefna til háfjallsbrúnar. Síðan er fjallsbrúninni fylgt, og í því sambandi miðaða við hreppamörk og sömu afmörkun til vesturs í kröfugerð Prestsetrasjóðs, að Syðri-Höfðagilsbotni og Syðri-Höfðagilsá þangað til hún fellur í Dalsá. Loks er Dalsá fylgt þar til Ytri Höfðagilsá fellur í hana.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindi Forsætisráðuneytisins verði samþykkt og skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að annast málsmeðferð vegna stofnunar þjóðlendunnar.

5. Almennigur. Umsókn um stofnun þjóðlendu.

S20130204

Erindi dags. 26. febrúar 2013 frá Forsætisráðuneytinu um stofnun þjóðlendu sbr. 14. gr. laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 með síðari breytingum.

Fylgigögn með umsókn eru útdráttur úr úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 5/2007 dags 6. júní 2008 og landspildubréf.

Almennigur er þjóðlenda og í afréttur jarða í Hálshreppi og er innan eftirfarandi marka:

Að norðvestanverðu er Eilífsá fylgt þaðan sem hún fellur í Dalsá og þangað sem Eilífsárgilið beygist í krók suður á við. Þá eftir beinni línuúr gilskróknum upp á háfjallið. Að sunnanverðu er Ytri-Höfðagilsá fylgt þangað sem hún fellur í Dalsá og þangað til gilið klofnar. Þaðan er tekin bein stefna til háfjallsbrúnar. Til vesturs á milli framangreindra norður- og suðurmerkja er háfjallinu fylgt og í því sambandi miðað við hreppamörk og sömu afmörkun til vesturs í kröfugerð Þingeyjarsveitar. Til austurs er miðaða við Dalsá þaðan sem Ytri-Höfðagilsá fellur í hana og þangað sem Eilífsá fellur í hana.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindi Forsætisráðuneytisins verði samþykkt og skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að annast málsmeðferð vegna stofnunar þjóðlendunnar.

6. Framdalaafréttur. Umsókn um stofnun þjóðlendu.

S20130205

Erindi dags. 26. febrúar 2013 frá Forsætisráðuneytinu um stofnun þjóðlendu sbr. 14. gr. laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 með síðari breytingum.

Fylgigögn með umsókn eru útdráttur úr úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 5/2007 dags 6. júní 2008, Héraðsdómur Norðurlands Eystra í máli nr. E-69/2009 dags. 16. maí 2011 og landspildubréf.

Framdalaafréttur er þjóðlenda og í afréttareign eigenda Einarstaða og er innan eftirfarandi marka:

Frá upptökum Skjálfandafljóts í Rjúpnabrekkujökli (S) ræður fljótið þar til Krossá fellur í það (R). Ræður svo krossá að upptökum sínum (A) Þaðan er farið í suður að jaðri Dyngjujökuls undir

Gæsaahnjúki (L) Loks er jaðri jökulsins fylgt þar til kemur að fyrrnefndum upptökum Skjálfandafljóts í Rjúpnabrekkujökli (S). Er þá miðað við stöðu jökulsins eins og hann var við gildistöku Þjóðlendlaga 1. júlí 1998. sbr. 22. gr. Þjóðlendlaga.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindi Forsætisráðuneytisins verði samþykkt og skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að annast málsmeðferð vegna stofnunar Þjóðlendunnar.

Fundi slitið.